

Fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um hækkun leigu hjá Félagsbústöðum

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvort Félagsbústaðir ætli að hækka leigu um 6,5% umfram vísitölu, og ef svo er, er óskað upplýsinga um mótvægisáðgerðar.

Greinargerð

Það mat flokksins að verið sé að ráðast á fátækasta fólkið í borginni. Félagsbústaðir vilja hækka. Félagið leigir út húsnæði til fólks undir ákveðnum tekju- og eignamörkum. Flokkur fólksins hefur mótmælt þessu harðlega strax á umsagnarferli. Ekkert lát er á árásum á fátækasta fólkið í borginni. Flokkur fólksins mun aldrei styðja það að leiga verði hækkuð og það án nokkurra mótvægisáðgerða. Ef þarf að hækka húsaleigu hjá Félagsbústöðum til að halda fyrirtækinu á floti er fokið í flest skjól hjá Félagsbústöðum. Það er mat Flokks fólksins að viðskiptamódel Félagsbústaða gangi ekki upp miðað við núverandi forsendur.

Leigumarkaðurinn er alvarlega sjúkur og hafa stjórnvöld gert lítið til að koma böndum á hann. Flokkur fólksins vill koma varanlegri skikkun á hinn almenna leigumarkað og setja takmarkanir varðandi hækkunir á leiguverði. Leita þarf annarra leiða en að hækka leigu hjá þeim verst settu. Frekar mætti skoða að styrkja Félagsbústaði með framlögum. Efla þarf réttarvernd leigjenda og verja leigjendur Félagsbústaða fyrir hækkunum með sérstökum aðgerðum s.s. að hækka sérstakan húsnæðisstuðning sem nemur hækkunum Félagsbústaða.